



## Velferðarvaktin

**Fundur vegna skuldavanda heimilanna á Suðurnesjum**

**miðvikudaginn 13. október 2010, kl. 15.00 – 17.00**

**haldinn hjá Verslunarmannafélagi Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14, Keflavík**

### Fundargerð

*Pátttakendur:*

Nökkvi Már Jónsson, félagsmálastjóri í Grindavík

Aðalheiður Níelsdóttir, Ytri Njarðvíkurkirkja (fyrir sr. Baldur Rafn Sigurðsson)

Karl Georg Magnússon, stjórn Suðurnesjadeildar Rauða krossins

Þorbjörn Guðmundsson, Velferðarvaktin

Sigurður G. Sigurðsson, prestur í Sandgerði

Ásmundur Friðriksson, bæjarstjóri Garði

Ásdís Óskarsdóttir, varaformaður starfsmannafélag Suðurnesja  
Bryndís Kjartansdóttir, Verslunarmannafélag Suðurnesja

Margrét Linda Ásgrímsdóttir, Vinnumálastofnun Suðurnesja

Stefanía Hákonardóttir, Suðurnesjadeild Rauða krossins

Drífa B. Gunnlaugsdóttir, félagsráðgjafanemi, Reykjanesbær

Ása Eyjólfsson, félagsráðgjafi Reykjanesbæ

Elfa Hrund Guttormsdóttir, félagsráðgjafi Reykjanesbæ

Kristbjörg Leifsdóttir, félagsráðgjafi Reykjanesbæ

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæ

Hjördís Árnadóttir, félagsmálastjóri Reykjanesbæ

Kristín P. Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri Sandgerðis, Garðs og Voga

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri Sandgerði

Þórdís Þórsdóttir, Íbúðalánasjóður

Magnús Barðdal, Íbúðalánasjóður

Guðjón H. Arngrímsson, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur

Ólafur Magnússon, Félag iðn- og tæknifólks

Sigfús B. Ingvason, prestur í Keflavík

Hera Ósk Einarsdóttir, félagsráðgjafi Reykjanesbær

Þórólfur Halldórsson, sýslumaður í Keflavík

Sigríður Jónsdóttir, félags- og tryggingamálaráðuneyti

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík

Einar Jón Ólafsson, heilbrigðisráðuneyti

Ásgeir Runólfsson, félags- og tryggingamálaráðuneyti

Ingibjörg Broddadóttir, félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lára Björnsdóttir, félags- og tryggingamálaráðuneyti og formaður Velferðarvaktarinnar, sem stýrði fundi.

Í inngangi formanns velferðarvaktarinnar kom fram að efnt væri til fundarins að ósk félags- og tryggingamálaráðherra í þeim tilgangi að fá upplýsingar um ástandið í Reykjanesbæ. Markmið fundarins er að efna til samræðu og samstarfs um stöðu heimilanna sem eru í skuldavanda á Suðurnesjum. Einnig er ætlunin að fá fram hugmyndir um hvernig samfélagið geti samhæft kraftana svo koma megi í veg fyrir enn alvarlegri afleiðingar kreppunnar, fá fram raunhæft yfirlit um stöðuna, lausnir og úrræði og kanna hvort ekki finnist fleiri leiðir til úrbóta. Fram kom að samræða væri farin af stað, sem var orðað með eftirfarandi hætti: „Við erum farin að tala saman, en ekki að vinna saman.” Formaður velferðarvaktarinnar greindi frá væntingum um að svæðisbundið samstarf gæti orðið að veruleika milli sveitarfélaga á Suðurnesjum í tengslum við mótvægisáðgerðir vegna kreppunnar og velferðarvaktin væri reiðubúin að leggja því lið. Ef vel tækist til gæti samstarfið orðið fyrirmynd að samvinnu milli sveitarfélaga á öðrum svæðum.

*Í framhaldi spunnust eftirfarandi umræður:*

Í upphafi var bent á að fyrstu viðbrögð sveitarfélaganna í kjölfar bankahrunsins fyrir tveimur árum hafi verið að halda samskonar fund og hér væri nú haldinn með áherslu á samvinnu og samstarf. Enginn hafi haldið utan um samstarfið sem þau hafi ýtt úr vör fyrir tveimur árum og það hafi því miður liðið undir lok. Samhliða væri því fagnað að velferðavaktin sé tilbúin til að veita aðstoð. Í framhaldi var spurt hvort velferðavaktin myndi taka að sér umsjón með slíku samstarfi og nokkru síðar var bent á þörfina fyrir því að einhver safni og haldi utan um ýmsar mikilvægar upplýsingar á svæðinu.

Greint var frá að félagsþjónustur þriggja sveitarfélaga á svæðinu vinni saman að málefnum fatlaðra til að undirbúa flutning málaflokksins til sveitarfélaganna og hefðu þau stofnað með sér sérstakt fagráð. Bent var á að hægt væri að nota það sem fyrirmynd að samstarfi milli annarra sveitarfélaga.

Þá var einnig bent á að 2,5 milljarðar hafi farið til ríkisins vegna sölu á eignum af varnarsvæðinu og gott væri að sjá hluta af því fé renna til baka til sveitarfélaganna. Niðurskurður væri hjá Reykjanesbæ og starfsfólk, meðal annars í barnavernd, væri að taka á sig launaskerðingar þrátt fyrir stór auknið vinnuálag.

Ásbrú, hin nýja byggð á herstöðvarsvæðinu, sem átti að verða þekkingarsamfélag, en ekki fátækrahverfi („slum“) hafi kostað Reykjanesbæ um 300 milljónir árið 2009 og nú þegar sé fjárhæðin orðin sú sama fyrir 2010. Ásbrú sem var flaggskip sé nú að verða þungur baggi á sveitarfélaginu, þangað hafi flust fólk sem annars hefði ekki komist í nám, en nú sé það stækkandi hluti af notendahópi félagsþjónustunnar. Umsóknum um fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur hefur fjölgað í sveitarfélaginu og kostnaður vaxið við barnavernd. Nýir hópar fólks sækja um fjárhagsaðstoð og fólk þarf aðstoð í lengri tíma en áður. Ennfremur hefur þeim sem fá fjárhagsaðstoð sex mánuði eða lengur verið að fjölga.

Félagsþjónustan hefur lítið af úrræðum fyrir heimilin sem eru í skuldavanda. Á þessum heimilum eru tekjur víða ofan við viðmiðunarmörkin sem veita heimild til fjárhagsaðstoðar.

Reykjanesbær hefur ekki skert grunnþjónustu og leikskóla.

Bent var á að eftirlitsnefnd sveitarfélaga með fjármálum banni Reykjanesbæ að gera ráð fyrir tekjum af atvinnurekstri á meðan að ríkið geri ráð fyrir tekjum vegna Helguvíkur sinni fjárhagsáætlun. Þetta finnst fólki ekki réttlátt.

Á annan tug einstaklinga, sem eru orðnir bótalausir vegna þess að þeir hafa verið atvinnulausir í þrjú ár, hafa leitað eftir fjárhagsaðstoð hjá Reykjanesbæ, en margir uppfylli ekki skilyrði til aðstoða vegna tekna maka.

Hjá Sandgerðisbæ hefur verið reynt að hafa samband við foreldra sem kaupa ekki máltíðir fyrir börn sín í skólunum og bent var á að góðar ábendingar hafi komið frá velferðarvaktinni um að huga aðstæðum barna í skólunum. Áhersla er lögð á að atvinnuleysisbótatímabilið verði lengt úr þremur árum í fimm.

Rætt var um að margir væru með „sár á réttlætiskenndinni“, eftir „eignaupptöku“ á umliðnum árum og millistéttin væri komin með sektarkennd. Skuldavandi heimilanna væri um allt land, á hinn bóginn væri atvinnuleysið fyrst og fremst bundið við höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Þess vegna eru atvinnuúrræði brýn á Suðurnesjum. Fleiri tóku undir þessi sjónarmið. Í Grindavík hefur verið frítt í tómsundur fyrir börn, frítt í tónlistarskóla, frítt í sund og fríar fjórar klst. á dag fyrir börn á síðasta ári á leikskóla. Barnaverndartilkyningum hefur fækkað í sveitarfélaginu á þessu ári eftir stökk árið 2008 og umsóknum um fjárhagsaðstoð hefur fjölgað óverulega.

Fólk hefur áhyggjur af atvinnuúrræðum unga fólksins og óttast er að ein kynslóð geti „týnst“ í þessu ástandi. Það sé erfitt að fá fólk í vinnu og lægstu laun séu líklega of lág til að höfða til unga fólksins. Uppgangur sé í sjávarútvegi, en unga fólkið í atvinnuleit fari ekki fiskvinnslu, á hinn bóginn sé aðsókn í sjómennsku, en lítið um laus pláss. Laus störf eru í Garði í fiskvinnslu og til dæmis fæst enginn til að starfa í mótuneyti á einum vinnustaðnum. Það vantar því eftirsóknaverð atvinnutækifæri og fólk er uppgefið á því að ríkisstjórnin stöðvi atvinnuúrræðin sem heimamenn leggja til. Í þessu samhengi var rætt um að tregða unga fólksins til að fara í láglaunastörf væri einskonar foreldravandamál, þar sem foreldrarnir hafi ekki tekið á þessu gagnvart börnunum í tíma. Ungu fólkinu finnst ekki nægur munur á fjárhæðum atvinnuleysisbóta og lægstu launa sem þeim standi til boða.

Greint var frá verkefnum sem eru í gangi í Sandgerði til að ná til þeirra sem hafa verið lengi atvinnulausir. Fiskvinnslan í Sandgerði hefur þá sögu að segja að útlendingar séu betri starfskraftar en Íslendingar.

Félagsþjónustan á svæðinu ræddi um að fólk kalli eftir öðrum búsetuúrræðum, sem geti gefið fólki nýja von og félagslega húsnæðiskerfið sé horfið af svæðinu.

Hátt á annað hundrað manns notar úrræði á vegum Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, en þau standa yfir í stuttan tíma. Á það meðal annars við um námskeið, en þeim sé ekki fylgt eftir. Að mati fulltrúa Vinnumálastofnunar er ágætis samvinna á milli stofnunarinnar og sveitafélaganna á svæðinu.

Fjölsmiðjan, sem er starfsþjálfunarúrræði fyrir 16 til 24 ára ungmenni, er í undirbúningi á Suðurnesjum og er kallað eftir breiðri samstöðu um hana. Ekki er búið að ráða forstöðumann og starfsemina vantar sterkari fjárhagslegan grundvöll.

Fram kom að tífalt fleiri íbúðir fari á nauðungarsölu í Reykjanesbæ en á höfuðborgarsvæðinu miðað við mannfjölda. Að mestu hefur verið lokið við að selja íbúðirnar, sem komu frá verktökum árið 2008 og hlutfall íbúða sem eru að fara á nauðungaruppboð er vaxandi. 96 eignir fóru á uppboð árið 2008 (mest verktakar) og 106 árið 2009 (mun meira íbúðarhúsnæði). Dæmi eru um að kominn sé brestur í rötgróin fyrirtæki, þau sem hafi alltaf staðið í skilum en séu nú hætt að standa í skilum.

Rætt var um að fólk virðist illa upplýst um úrræði vegna skuldavanda heimilanna. Fjöldi manns hafi hætt að greiða af lánum sínum, sem hefði getað greitt lánin, og hafi þannig komist upp með að standa ekki við skuldbindingar sínar.

Sýslumaðurinn greindi frá áhuga sínum á að gera rannsókn á ferli þeirra mála hjá embættinu sem að lokum lendi til nauðungarsölu. Vilyrði mun hafa borist frá tveimur ráðherrum, félags- og tryggingamálaráðherra og dómsmála- og mannréttindaráðherra um að styðja slíka rannsókn. Það kom einnig fram að sýslumaðurinn hefur boðið Umboðsmanni skuldara starfsaðstöðu hjá sér fyrir nokkrum vikum.

Fulltrúar Íbúðalánasjóðs greindu frá því að stofnunin sé í daglegum samskiptum við skuldara en borið hafi á því, sérstaklega á Suðurnesjum, að fólk þekki ekki „fín“ úrræði sem því stendur til boða.

Greint var frá stofnun Velferðarsjóðs sem veitir neyðarstyrki. Sjóðurinn var stofnaður á svæðinu í kjölfar kreppunnar, meðal annars í samstarfi við kirkjuna. Sjóðurinn á nú í vandræðum með að fjármagna áframhaldandi aðstoð

Virkjun hefur verið rekin „uppi á Velli“ frá því kreppan skall á. Um 200 manns tóku þátt í starfinu þegar best lét, en nú vantar fjármagn til að halda því starfi áfram. Virkjun hefur verið kostuð af sveitarfélögunum, Vinnumálastofnun og verkalyðsfélögunum. Kadeco lánar húsnæðið og starfsmenn hafa verið sjálfboðaliðar.

Hópurinn sem fær sjúkradagpeninga er að yngjast. Það eru ekki allir sem vilja vinna í fiski þar á meðal margir unglínganna sem gjarnan notfæra sér úrræði sem eru tengd Virkjun og/eða önnur námskeið. Úrræðin ná líklega ekki til allra.

#### *Umræður í lokin*

Samfélagsgerðin á Suðurnesjum er með öðrum hætti en annars staðar á landinu: Þetta er láglaunasvæði með mikilli vaktavinnu. Flugíð er stór atvinnurekandi og var lengi sá háttur hafður á að starfsmenn voru settir á atvinnuleysissskrá tímabundið þegar ferðamannatímabilinu lauk á ári hverju. Þannig er viðhorfið til þess að vera á atvinnuleysisbótum ólíkt því sem gerist annars staðar á landinu. Lítil munur er á launum fólks og atvinnuleysisbótum og þar með vantar hvatann til að fara af bótum í vinnu.

Verslunarmannafélag Suðurnesja býður upp á aðstoð í gegnum Virk, sem er rekið á vegum Starfsendurhæfingarsjóðs. Meðal annars er boðið upp á sálfræðihjálp og niðurgreiðslu á ýmsum

námskeiðum eða þjónustu. Í þessu samhengi var bent á að þeir sem eru á sjúkradagpeningum verða sífellt yngri.

Skortur er á langtímaúrræðum sambærilegum þeim sem fólki stendur til boða á hinum Norðurlöndunum. Skammtímanámskeið og stutt átaksverkefni skipta oft litlu. Fiskvinnsluskólinn, sem rekinn er á vegum Vinnumálastofnunar var nefndur sem dæmi um velheppnað langtímaúrræði.

Spurt var hvort hægt væri að heimila að nota atvinnuleysisbætur til að styrkja fólk við að afla sér lengri menntunar sem gæti skilað því auknum atvinnutækifærum? Í Svíþjóð geti fólk farið á „vinnunámskeið“/starfsþjálfun á atvinnuleysisbótum eftir að hafa verið ákveðinn tíma á bótum.

Þeim fjölgar ört sem hafa nýtt sér að fullu réttinn til atvinnuleysisbóta og er brýn þörf á að lengja tímabilið. Einnig ætti að vera mögulegt að beina fólki í nám frekar en að beina þeim til sveitarfélagsins með beiðni um fjárhagsaðstoð.

Fram kom að fólki, sem hefur leitað til Ráðgjafarstofu heimilanna (nú Umboðsmaður skuldara), hafi fundist þjónustan sem það fékk þar hafi verið of hæg. Í lögum um sértæka skuldaaðlögun hjá bönkunum á fólk að fá svar við umsókn á þremur vikum en misbrestur hafi verið á því. Dæmi var nefnt um fólk, sem hafi sótt um sérstaka greiðsluáðlögun hjá banka í apríl sl., hafi fengið neikvætt svar í nú október.

Fram kom að fjölmiðlar þykja neikvæðir í allri umræðu ekki síst um úrræðin sem fólki standi til boða. Einnig kom það sjónarmið fram að gera þurfi fólki kleift að byrja á núllpunkti í kjölfar gjaldþrots, en í dag fynnist skuldir ekki. Staða ábyrgðamanna sé líka erfið og mikið sé af eldra fólki í þeim hópi en einnig meðal skuldara.

Niðurstaða fundarins var að velferðarvaktin leggi Suðurnesjamönnum lið við að halda utan um samstarfið á svæðinu og utan um mikilvægar upplýsingar. Formaður velferðarvaktarinnar fór þess á leit við Hjördísi Árnadóttur félagsmálastjóra í Reykjanesbæ að safna saman þeim sem eru reiðubúnir til samstarfs og samráðs um að efla atvinnutækifæri og önnur úrræði til að styrkja og bæta mannlífið á Suðurnesjum svo koma megi í veg fyrir enn alvarlegri afleiðingar kreppunnar. Velferðarvaktin væri reiðubúin til samstarfs við heimamenn á þessu sviði.

Fundi slitið kl. 16.54.